

1858.

2. septbr.

fjarðar sýslu, fyrir því að styrkur sá, er hann hefir þegið, hvort sem hann nú hefir þegið hann ári fyrr eður síðar, virðist eigi hafa verið svo vaxinn, eptir því sem fátækralög mæla fyrir, sjá einkum 6. gr. í reglug. 8. janúar 1834, að það hafi getað staðið mannum fyrir að öðlast sveit í Skorradalshrepp með dvöl sinni þar.

Því skulum vèr við bæta, að þenna hinn sama dag er stiptamtanni sent samhljóða bréf þessu.

14. septbr. **25. Bréf fræðslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi um „Fjórðungafjöru“.**

Þér hafið, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, skýrt svo fyrir oss, í álitsbréfi ykkru 28. apríl í vor, beiðni erfingja Valgerðar, ekkju Steingríms biskups, þeirra B. Thorsteinsonar konferenzráðs og H. St. Johnsens, kaupmanns í Reykjavík, að nú má það auðsætt virðast, að „Fjórðungafjara“, er getið er um í konúngsbréfi 29. september 1848, hafi af ógáti verið talin með ítökum og rekum kirkjunnar í Skálaholti, þeim er biskupsekkjunni fengnir voru til fullrar eignar og umráða, þar sem þó fjaran var í raun rættri eigiueign Steingríms biskups. Fyrir þessa sök er það sjálfsagt, að draga skal andvirði fjörunnar frá verðhæð þeirri, er til er tekin í konúngsbréfinu til lausnar eignanna, og fyrir því mælir fræðslustjórnin alls ekki ígegn því, að beiðendur þyki fullnægt hafa fyrirmælum konúngsbréfsins, þá er þeir hafa greitt í jarðabókarsjóðinn þeim mun minna lausnareyri, eður, í stað 994 rd. 32 sk., 940 rd., er þeir hafa boðizt til að lúka.

Þessu skýrum vèr ykkur frá til eptirsjónar og auglýsingar þeim, er hlut eigu að máli; en hins verðum vèr og að geta, að fræðslustjórnin fær eigi sæð sér fært að veita beiðendum þá bæn sína, að mega borga þessa 940 rd. svo og 20 rd., þá er kirkjan á eptir bréfi fræðslustjórnarinnar 23. september 1850, í jarðabókarsjóðinn með ríkisskuldabréfum þeim, er 4 af

hdr. gjaldast í leigu af, því svo gæti hæglega farið, að kirkjan 1858.
 missti í, ef hún síðar kynni neyðast til að selja skuldabréfin, 14. septbr.
 til að útvega sér þá peninga, er hún kynni þurfa sjálf á að halda.

**26. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins 15. septbr.
 á Íslandi um fiskiver Frakka.**

Þér hafið, herra stiptamtmaður, ritað oss 28. ágúst og sent oss með því bréf þau, er farið hafa á milli yðar og Verons, foringja fyrir herskipinu l'Artemise frá Frakklandi, um það er Frakkar vilja setjast að á Íslandi, til að stunda þaðan útveg sinn, verka fiskinn og flýttja hann utan í skipum sínum. Vær sendum yður því samhljóða eptirrit af bréfi dómsmálastjórnarinnar 27. júlí í sumar til amtmannsins vestan á Íslandi, og fáið þér af því sæð, hvern veg þér skulið svara slíkri mála-leitun framvegis.

27. Auglýsing dómsmálastjórnarinnar, um að portúgísisk skip, sem fara kaupferðir til Íslands og Færeyja, sæu undanþegin að greiða 2 rd. aukagjald það af hverju dönsku lestarrúmi, sem ákveðið er í konúnglegum úrskurði 1. apríl 1856. 8. októbr.

Eptir skýrslu, sem fengin er frá stjórn utanríkismálanna, njóta skip þegna Danakonungs sömu réttinda og innlend skip í konúngsríkinu Portúgal bæði í tilliti til tolls og skipagjalda. Fyrir því skulu þau skip, sem eiga heima í tæðu konúngsríki og fara kaupferðir til Íslands og Færeyja, hær eptir vera undanþegin að greiða 2 rda. aukagjald það af hverju dönsku lestarrúmi, sem ákveðið er í konúnglegum úrskurði 1. apríl 1856, sem birtur er með auglýsing frá stjórn dómsmálanna, dagsettri 2. sama mánaðar.

Þetta gefst hérmeð öllum hlutaðeigendum til vitundar.